

19. fundur stjórnar landssambands DKG

Á Zoom 27. apríl 2021 kl. 19.30

Mættar: Aníta, Ingibjörg, Jónína, Jóna, Guðrún, Eygló og Jensína.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Aníta les fundargerð, sem þarfnast lagfæringar og verður send í tölvupósti til stjórnar til skoðunar og samþykktar.

2. Undirbúningur Landssambandsþings:

- a. Yfirfara ákvörðun um frestun ráðstefnudags
 - i. breytingar á reglugerð: Samkomutakmarkanir hafa verið rýmkaðar, en enn er ýmislegt í vegi fyrir að hægt sé að halda þingið skv. dagskrá. Umræður. Fyrri ákvörðun um frestun stendur.
 - ii. 4. september er Ljósanótt í Reykjanesbæ
Ákveðið að stefna að því að halda ráðstefnuna ef Þetadeild samþykkir, annars stefnt að því að fresta ráðstefnunni um viku.
- b. Aðalfundarstörf
 - i. Ritun fundarins
Ákveða þarf 2 ritara, Aníta ritar og leitað verður til Hildar Hauksdóttur í Þetadeild um að vera einnig ritari.
 - ii. Atkvæðagreiðslur – aðferð
Ákveðið að þátttakendur rétti upp hönd og atkvæði verða talin þannig.
 - iii. Skráningar á fundinn er orðnar 17, þegar stjórnin hefur verið skráð.
- c. Kynning á aðalfundi
Ingibjörg kynnir fundinn í fréttabréfi forseta, kynning verður sett á vefinn og á facebook síðu DKG.

3. Námsstyrkjasjóður

- a. Lög um námsstyrkjasjóð – breytingar? Setja á vefinn?
Breytingar samþykktar og ákveðið að setja á vefinn.
- b. Tillaga að styrkjum – veita tvo styrki?
Samþykkt að veita tvo styrki.

4. Fundur með Grace Rodrigues Mesa

Ingibjörg hefur látið vita af seinkun ráðstefnunnar.

5. Fundur með ISF Margarita Hanschmidt færðist til 12. maí kl. 18.00

6. Önnur mál

- a. Framkvæmdaráð samþykkti 10 ára áætlun í tölvupósti.

- b. Tölvupóstur frá Margarita Hanschmidt v. tilnefninga í nefndir. Hún ítrekar lokadagsetningar til þess að tilkynna nöfn í nefndir. Ekki er hægt að gefa upp nöfn formanna menntamálanefndar og féлага- og útbreiðslunefndar ásamt gjaldkera þar sem það er hlutverk nýrrar stjórnar að ákveða nýja embættismenn og ný stjórn tekur ekki við fyrr en 1. júlí.
- c. Ingibjörg er að vinna skýrslu fyrir Grace vegna heimsóknar hennar á ráðstefnuna. Skýrslan var rædd.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Aníta Jónsdóttir